

110873-MIN - Aukin efnistaka í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu - Svör við umsögnum

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
1	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 20.11.25	
1.1	„Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og tekur undir fram komnar áhyggjur af því að aðliggjandi vegir beri ekki þá þungaflutninga sem um ræðir, enda ekki með bundnu slitlagi.“	Framkvæmdaraðili vísar í svar við svarlið 4.1 við þessum hluta umsagnarinnar.
1.2	„Að öðru leyti gerir embættið engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.“	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar um leyfi og telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast frekari svara.
1.3	„Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna og fyrir fyllingar (landmótun), skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.“	
2	Náttúrufræðistofnun, dags. 21.11.25	
2.1	„Stofnunin bendir á að nokkur óvissa er til staðar um nákvæmt magn sem áður hefur verið unnið úr námunni þó áætlað sé að það séu um 150.000 m ³ . Í ljósi þess er raunhæft að heildarmagnið fari yfir 500.000 m ³ . Samkvæmt því ætti naman að gangast undir mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.“	Líkt og fram kemur í fyrirspurn um matsskyldu áformar framkvæmdaraðili að vinna um 349.000 m³. Þá kemur einnig fram að áætlað sé að búið sé að vinna um 150.000 m³ af efni á svæðinu. Í kafla 2.4 „Fyrri vinnsla“ í greinargerð kemur fram að erfitt sé að segja nákvæmlega til um hversu mikið efni hefur verið unnið á svæðinu í ljósi þess að vinnsla hefur fram í marga áratugi auk þess sem fyllt hefur verið upp í hluta svæðisins. Með tilliti til þess, áætlaði framkvæmdaraðili að unnið hefði verið meira heldur en minna úr námunni til þessa til þess að tryggja það að áform um frekari vinnslu myndu ekki fara umfram

		500.000 m³. Varfærni hefur því verið gætt við áætlun um það magn sem unnið hefur verið og við áætlun um það efnismagn sem til stendur að vinna. Einnig vísar framkvæmdaraðili til kafla 2.7 „Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir og aðrar opinberar stefnur“ en þar kemur fram að þörf sé á uppfærðu aðalskipulagi sökum stækkunarinnar. Við frekari vinnu við breytingar á skipulagi verður þess gætt, í samráði við sveitarfélag, að skilmálar í aðalskipulagi efnistökusvæðisins heimili ekki efnisvinnslu sem fer umfram 499.999 m³ eða 25 ha. Með tilliti til ofanritaðs ítrekar framkvæmdaraðili að fyrri vinnsla og áformuð vinnsla mun ekki fara yfir þau viðmið sem sett eru í tölulið 2.01 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.
2.2	„Framkvæmdasvæðið er utan verndarsvæða en innan mikilvæga fuglasvæðisins Suðurlandsundirlendi sem nær frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði. Mikil fyrri röskun á framkvæmdasvæðinu hefur dregið mjög úr gildi þess sem búsvæðis fyrir flestar fuglategundir. Jarðmyndanir á svæðinu eru að mestu raskaðar fyrir og svæðið er ekki innan verndarsvæða nútímahrauna.“	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar og athugasemdir Náttúrufræðistofnunar. Lögð verður áhersla á frágang námunar samhliða vinnslu til þess að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum.
2.3	„Að mati Náttúrufræðistofnunar eru helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar á vistgerðir, fugla og jarðmyndanir þegar komin fram og fyrirhuguð stækkun mun að mestu eiga sér á svæði sem þegar hefur verið raskað. Því telur stofnunin að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, til viðbótar þeim sem þegar hafa átt sér stað, og því þurfi hún ekki að gangast undir mat á umhverfisáhrifum.“	
2.4	„Stofnunin áréttar þó að mikilvægt er að gengið verði frá svæðinu eftir því sem efnistöku lýkur, bæði þar sem fyrri vinnsla er lokið og eftir fyrirhugaða efnistöku, svo draga megi úr varanlegu raski og stuðla að endurheimt gróðurs. Æskilegt er að framkvæmdin verði svæðisskipt, þannig að efnistaka, frágangur og gróðurframvinda geti farið fram í áföngum.“	

3	Náttúruverndarstofnun, dags. 19.11.25	
3.1	„Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að stærstur hluti fyrirhugaðs stækkunarsvæðis sé tún og ræktað land, og samkvæmt gögnum Náttúrufræðistofnunar nær útbreiðsla vistgerða með verndargildi (m.a. lyngmóavist og starungsmýravist) ekki inn á það svæði sem til stendur að stækka. Stofnunin tekur undir að vistgerðum með hátt verndargildi sé ekki raskað með fyrirhugaðri stækkun.“	Þessi hluti umsagnarinnar krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.
3.2	„Í greinargerð kemur fram að fuglalíf á svæðinu samanstendur einkum af tegundum sem nýta tún og opið land, þar á meðal álfir, gæsir og nokkrar algengar mófuglategundir, auk þess sem tjaldur, maríuerla og rjúpa hafa nýtt eldri námusvæði til varps eða hvíldar. Svæðið er hluti af mikilvægu fuglasvæði Suðurlandsundirlendis, sem hefur alþjóðlega þýðingu fyrir ábyrgðartegundir Íslands. Náttúruverndarstofnun bendir á að truflun á vinnslutíma geti haft óbein áhrif á nýtingu túna sem fæðu- og hvíldarsvæða á vori, einkum fyrir mófugla sem eru viðkvæmir fyrir áreiti á varptíma.“	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Náttúruverndarstofnunar um mögulega áhrif á fuglalíf. Í ljósi þess að svæðið er nú þegar að mestu raskað þá telur framkvæmdaraðili að áhrif á fuglalíf séu að miklu leyti þegar komin fram. Líkt og fram kemur í greinargerð, þá er tilgangur framkvæmdar að mæta efnisþörfum í vegagerð, vatnsvarnir og annað tilfallandi innan sveitarfélagsins og í nágrenni þess. Mikilvægt er að horft sé til þess að áfram mun vera þörf á að mæta þessari efnisþörf.
3.3	„Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.“	Umhverfisáhrif þess að halda áfram vinnslu á þegar röskuðu svæði eru í flestu tilfellum minni heldur en að opna nýjar námur á svæðum sem ekki eru röskuð. Þá bendir framkvæmdaraðili einnig á að áframhaldandi vinnsla á námusvæðinu samræmist 2.mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 í ljósi þess landnotkun svæðisins felst nú þegar að mestu í efnistöku og ekki er verið að breyta landnotkun, nema að litlum hluta.
3.4	„Vistgerðir og fuglalíf Náttúruverndarstofnun bendir á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfuttillings.1 Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.2 Náttúruverndarstofnun bendir á að heiðlóa, lóupræll, spói, jaðrakan og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands3 þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofnin verpir hér á landi.	Framkvæmdaraðili telur að áframhaldandi vinnsla á svæði sem þegar er raskað sé jákvæð m.t.t. þess vanda sem lýst er í þessum hluta umsagnarinnar. Með áframhaldandi vinnslu á svæðinu má draga úr líkum á því að þörf verði á því að opna nýjar námur í sveitarfélaginu til þess að mæta áframhaldandi efnisþörf. Þ.a.l. má draga úr eyðingu búsvæða á svæðinu og stemma þannig stigu við umræddri hnignun.

	Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar. Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði válista fyrir stöðu fuglategunda árið 20254, en síðasti válisti hafði verið birtur árið 2018. Líkt og segir hér að ofan hafa mófuglar átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu válistans. Heiðlóa, spói og lóupræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeysing, en þó stofnar þeirra telji enn marga einstaklinga hafa þeir minnkað um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópustofnanna verpur hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem eru algeng búsvæði þeirra og almenn þörf á því að draga úr frekara álagi á búsvæði þeirra til að stemma stigu við þessari hnignun.“	
3.5	„Landslag og ásýnd Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdarsvæðið er flatlent þar sem landnotkun einkennist af túnum og framræstu landi. Svæðið er þegar mjög raskað vegna áratuga efnistöku og móttöku jarðefna, og fyrirhuguð stækkun felur einkum í sér dýpkun og útvíkkun innan núverandi námusvæðis. Náman er sýnileg frá Önundarholtsvegi en sjónræn áhrif takmarkast við næsta nágreppi. Þar sem ekki er verið að raska öröskuðu landi heldur vinna áfram innan fyrirliggjandi rasks telur stofnunin að áhrif á landslag og ásýnd verði staðbundin og ekki veruleg. Jafnframt er mikilvægt að gengið verði frá svæðinu þá þann hátt að ásýnd svæðisins falli vel að nærliggjandi landnotkun til lengri tíma. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skuli við framkvæmdir og mannvirkjagerð ávallt gæta að verndun landslags og ásýndar, þar á meðal því að breyta ekki landmótun eða yfirbragði svæða umfram þörf.“	Áhersla verður lögð á frágang svæðisins og að dregið verði úr ásýndaráhrifum vinnslunnar, eins og kostur er, t.d. með því að fylla upp í svæði námunnar sem þegar hafa verið fullunnin.
3.6	„Niðurstaða Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð stækkun felist í frekari efnistöku á svæði sem þegar er mjög raskað og að stækkunin taki eingöngu til túna. Gögn og vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar sýna að	Framkvæmdaraðili vísar í svör við svarliðum 3.1-3.5 við þessum hluta umsagnarinnar.

	vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi, sem skráðar eru í töflu 3.3, liggja utan þess svæðis sem á að stækka og verða því ekki fyrir frekara raski. Líklegt er að truflun verði á varptíma og fæðuöflun einstakra fuglategunda, en ekki með þeim hætti að valdi áberandi skerðingu á búsvæðum ábyrgðartegunda. Að mati Náttúruverndarstofnunar eru umhverfisáhrif fyrirhugaðrar stækkunar á vistgerðir og fuglalíf því takmörkuð og ekki líkleg til að teljast umtalsverð.	
4	Flóahreppur, dags. 21.11.25	
4.1	„Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt vegna máls 1443/2025 er varðar aukna efnistöku í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu. Um er að ræða stækkun á námu sem nemur um 349.000 m3. Þegar hefur áætluð fyrri efnisvinnsla á svæðinu verið um 150.000 m3 og nær fyrirspurn um matsskyldu til þeirrar efnisvinnslu sem þegar hefur farið fram auk fyrirhugaðrar stækkunar eða alls um 499.000 m3 efnistöku á um 16 ha landi. Framkvæmdirnar eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. tölulið 2.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að ljóst er að áhrif aukinnar efnistöku og efnislosunar á nærumhverfið og nágranna er nokkur og bendir þar m.a. á að þegar mest umsvif eru í námunni eru farnar um 100 ferðir á dag miðað við upplýsingar í framlagðri skýrslu. Það er fyrir utan alla þá umferð sem fylgir efnislosun á svæðið, sem er umtalsverð þar sem um er að ræða efnislosunarsvæði fyrir Sveitarfélagið Árborg. Ofaná það bætist svo við umferð íbúa og annarra sem fara um veginn. Um er að ræða malarveg og eins og bent er á í skýrslunni þá er hann breiður og auðvelt að mætast en rykmengun og mikið slit á vegkaflanum hefur veruleg áhrif á þá sem um veginn fara og búa í nálægð við hann. Í skýrslunni kemur fram að vegurinn sé rykbundinn þegar þarf til að draga úr áhrifum rykmengunar en ekki kemur fram hver er ábyrgur fyrir því að sinna fullnægjandi rykbindingu á meðan efnislosun og efnistaka fer fram á námunum. Vegurinn liggur mjög nærri íbúðabygð og lögbýlum og því ljóst að umferð þungra vörubíla hefur áhrif á þá sem þarna búa. Sveitarstjórn bendir einnig á að aukin umferðarhætta er við vegamót Gaulverjabæjarveg og Önundarholtsvegur sem og við vegamót Villingaholtsvegur og Önundarholtsvegur vegna	Líkt og fram kemur í fyrirspurn um matsskyldu, þá mun fyrirhuguð stækkun ekki hafa í för með sér breytingar á núverandi umferð á svæðinu og áformin því ekki til þess fallin að hafa neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn, samanborið við núverandi ástand. Framkvæmdaraðili tekur undir með Flóahrepp að ástæða sé til þess að meta umferðarhættu á svæðinu og skilgreina ábyrgð þegar kemur að umferðaröryggi svæðisins og viðhaldi vega. Önundarholtsvegur, Gaulverjabæjarvegur og Villingaholtsvegur eru í eigu Vegagerðarinnar samkvæmt vegaskrá Vegagerðarinnar frá 2024 (Vegaskrá 2024 – Vegagerðin). Samkvæmt 5.gr. laga nr. 120/2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála segir að lögbundið hlutverk Vegagerðarinnar sé m.a. að annast uppbyggingu vega og viðhald þeirra mannvirkja sem hún fer með eignarhald á. Þá segir einnig í 8. gr. sömu laga að hlutverk Vegagerðarinnar sé að: 1. vinna að bættu öryggi innviða samgöngukerfisins með öryggisstjórnun, greiningu á öryggisþáttum og slysum og aðgerðaáætlunum 2. annast framkvæmd öryggisstjórnunar samgöngumannvirkja og samgöngukerfa, 3. annast ráðgjöf um umbætur sem stuðla að auknu samgönguöryggi.

<i>aukinnar umferðar vörubíla. Hvorki Villingaholtsvegur né Gaulverjabæjarvegur eru skilgreindar aðalbrautir og því ekki biðskylda heldur gildir hægri regla á þessum vegamótum. Sömuleiðis eru vegtengingar við efnislosunarog efnistökusvæðið orðnar þéttar á kaflanum frá Súluholti að efnislosunar- og efnistökusvæðinu. Sveitarstjórn telur á ýmsan hátt jákvætt að efnistökusvæði sé á svæðinu enda dregur það úr vegalengdum þegar unnið er að framkvæmdum á svæðinu og getur á þann hátt haft jákvæð umhverfisáhrif og dregið úr kostnaði við framkvæmdir. En samhliða stækkun á svæðinu þarf að mati sveitarstjórnar að huga að ofangreindum þáttum til að lágmarka áhrif á íbúa og aðra sem dvelja á svæðinu vegna neikvæðra áhrifa.</i> <i>Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna drög að umsögn í samráði við sveitarstjórn og óskar jafnframt eftir því að umsagnir berist í skipulagsgátt frá umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins og Vegagerðinni.</i> <i>Samþykkt með 5 atkvæðum. Með vísan í ofangreinda bókun sveitarstjórnar er hér með ítrekað mikilvægi þess að samhliða ákvörðun um matsskyldu skuli skoða vel hvernig mæta skuli aukinni umferð um Önundarholtsveg þar sem þessi aukna umferð, þegar mesta vinnslan fer fram í námunum, fer um slæman malarveg og getur haft neikvæð áhrif á íbúa við veginn og aðra vegfarendur. Sem dæmi fer skólabíll með börn á grunnskólaaldri um veginn amk tvisvar sinnum á dag.</i> <i>Að mati sveitarstjórnar ætti að skilgreina hver er ábyrgðaraðili á því að viðhalda fullnægjandi ástandi vegarins og rykbindinu þar sem Vegagerðin hefur sinnt takmörkuðu viðhaldi vegna þessarar auknu umferðar þungaflutninga um veginn. Hér þarf því að mati Flóahrepps að skoða hvort sú ábyrgð ætti að vera á framkvæmdaaðila, viðkomandi verktaka hverju sinni eða námueigendum þannig að eðlilegu viðhaldi vega sé sinnt og að starfstími í námum sé innan eðlilegra marka til að lágmarka óþægindi þeirra sem búa nærri námunni.</i> <i>Þar sem umferðarþungi er mikill vegna núverandi efnistöku og efnislosunar, og fyrirséð að slíkt verði áfram við stækkun á efnistökusvæðinu, er að mati sveitarstjórnar, mikilvægt að veghaldari bregðist við með aðgerðum sem auka umferðaröryggi á svæðinu svo sem með lagningu bundins slitlags á veginn, breytingu á aðalbrautakerfinu þannig að Villingaholtsvegur og Gaulverjabæjarvegur verði skilgreindar aðalbrautir og einnig með</i>	Með tilliti til ofan ritaðs, telur framkvæmdaraðili að við frekari vinnslu í tengslum við skipulag svæðisins sé mikilvægt sé að tryggja samráð milli framkvæmdaraðila, sveitarfélags og Vegagerðarinnar og tryggja áframhaldandi umferðaröryggi á svæðinu og að vegum sé haldið við með viðunandi hætti.
---	---

	<i>viðeigandi merkingum og viðvörunarskiltum vegna þungaflutninga og þéttra vegtenginga á svæðinu“</i>	
4.2	<i>„Að mati sveitarfélagsins Flóahrepps eru ýmsir kostir við staðsetningu efnistöku- og efnislosunarsvæðis í Súluholti og Súluholtshjáleigu enda staðsett á þegar röskuðu svæði að mestu leiti. Huga ætti þó að því að lágmarka eins og kostur er ónæði og óþægindi fyrir þá íbúa sem búa og starfa í nágrenninu vegna vinnslunnar sem þarna fer fram með viðeigandi mótvægisáðgerðum eins og kostur er. Efnistaka í miðju sveitarfélagsins er jákvæð m.t.t. umhverfissjónarmiða og getur dregið úr kostnaði við framkvæmdir á svæðinu.“</i>	Framkvæmdaraðili tekur undir með þessum hluta umsagnarinnar og telur ekki þörf á frekari svörum.
5	Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps, dags. 19.11.21	
5.1	<i>„Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps lýsir yfir áhyggjum af áframhaldandi þungaumferð á Önundarholtsvegi þar sem vegurinn er ekki með bundnu slitlagi. Það er óljóst hver hefur það hlutverk að rykbinda og sinna öðru viðhaldi á veginum, æskilegt væri að koma því í fastar skorður áður en málinu er lokað. Önundarholtsvegur er héraðsvegur, tengivegur og samgönguæð fyrir íbúana í nágrenninu auk þess að gegna hlutverki neyðarvegur ef Suðurlandsvegur lokast. Umhverfis- og samgöngunefnd Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við stækkun námunnar og telur fremur jákvætt að ekki þurfi að fara um lengri veg til efnistöku og losunar við framkvæmdir á svæðinu.“</i>	Framkvæmdaraðili vísar í svar við svarlið 4.1 við umsögninni.
6	Vegagerðin, dags. 20.11.25	
6.1	„ Í matsskyldufyrirspurninni Aukin efnistaka í landi Súluholts og Súluholtshjáleigu kemur fram að dagleg umferð muni ekki aukast með stækkun námunnar og muni þar af leiðandi ekki hafa aukin áhrif á umferð og samgöngur. Vegagerðin bendir á að gæta skal þess að framkvæmdir séu ekki innan öryggissvæðis né veghelgunarsvæðis vegarins, þ.e. 15 m frá vegbrún, og ef fyrirhugaðar eru breytingar á vegtengingum vegna framkvæmdanna skal það gert í samráði við Vegagerðina. Ekki eru gerðar aðrar athugasemdir. “	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Vegagerðarinnar og telur ekki þörf á frekari svörum við umsögninni.

7	Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita, dags. 20.11.25	
7.1	„1 . Heildarumfang framkvæmdar og matsskylduviðmið Áform framkvæmdaraðila gera ráð fyrir aukinni efnistöku sem nemur 349.000 m³, til viðbótar við um 150.000 m³ sem fyrir er. Heildarumfangið gæti því numið allt að 499.000 m³ á um 16 ha svæði. Samkvæmt tölulið 2.02 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 eru framkvæmdir tilkynningarskyldar þegar efnistaka er 50.000 m³ eða meiri. Þá tekur Skipulagsstofnun ákvörðun um matsskyldu. UTU vekur athygli á að samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 111/2021 ber að horfa til heildarumfangs og mögulegra samlegðaráhrifa þegar matsskylda er metin. Í þessu máli má ætla að fyrri og fyrirhuguð efnistaka séu hlutar af sömu heildarframkvæmd. Að þessu virtu gæti framkvæmdin fallið að þeim viðmiðum sem ætlað er að meta nánar í umhverfismati, en það er í höndum Skipulagsstofnunar að meta það endanlega.“	Framkvæmdaraðili vísar í svar við svarlið 2.1 við þessum hluta umsagnarinnar.
7.2	„2. Áhrif á umferð, vegakerfi og nágrennisumhverfi 2.1 Umferð þungra ökutækja Samkvæmt gögnum má gera ráð fyrir allt að 100 ferðum á dag þegar mest er unnið í námunni, auk annarrar reglulegrar umferðar á svæðinu. Þessir vegkaflar eru óbundnir og liggja nærri íbúðar- og búsetusvæðum. Í 5. tölul. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 111/2021 er sérstaklega kveðið á um að meta skuli áhrif framkvæmda á umferð og umferðaröryggi. UTU leggur til að Skipulagsstofnun taki til skoðunar hvort þung umferð á malarvegum á svæðinu geti haft áhrif á umferðaröryggi og álag á innviði.“	Framkvæmdaraðili vísar í svar við svarlið 4.1 við þessum hluta umsagnar.
7.3	„2.2 Rykmyndun og rykbinding Í gögnum kemur fram að vegir verði rykbunduð eftir þörfum. UTU bendir á að gagnlegt gæti verið að skýra nánar hver beri ábyrgð á reglubundinni rykbindingu, hvernig henni verði háttað og hvernig gæðum mótvægisáðgerða verði fylgt eftir, sbr. 4. mgr. 12. gr. laga nr. 111/2021.“	
7.4	„2.3 Umferðaröryggi á vegamótum Á svæðinu eru vegamót héraðsvega þar sem hægri regla gildir. Aukning þungaflutninga gæti haft áhrif á öryggi vegfarenda og aðgengi íbúa. UTU leggur til að þessi atriði verði tekin til frekari skoðunar við mat Skipulagsstofnunar.“	

7.5	„3. Skipulagsleg atriði og aðalskipulag <i>Samkvæmt 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal tryggt að framkvæmdir valdi ekki umtalsverðum neikvæðum áhrifum á nágretta eða umhverfi og að mótvægisáðgerðir séu fullnægjandi.</i> <i>UTU telur að nánari gögn gætu verið gagnleg varðandi:</i> • áhrif á íbúðarbyggð í nágrenninu, • áhrif á lögbýli við veginn, • fyrirhugaðar áðgerðir til að draga úr ónæði og auka öryggi.“	Tekið verður tillit til allra athugasemda og kvartana sem kunna að berast vegna framkvæmdanna og brugðist við þeim eins og hægt er. Ekki er talið að áformuð stækkun námusvæðisins muni hafa veruleg áhrif á nærliggjandi íbúðarbyggð eða lögbýli við veginn og telur framkvæmdaraðili að fullt umhverfismat myndi ekki bæta miklum upplýsingum við núverandi þekkingu á áhrifum framkvæmdarinnar á nærumhverfi.
7.6	„4. Mat UTU á þörf fyrir umhverfismat <i>Með hliðsjón af:</i> • umfangi efnistökkunnar, • samlegðaráhrifum fyrri og fyrirhugaðrar framkvæmdar, • áhrifum á umferð, rykmyndun og vegakerfi, • nálægð við íbúðar- og búsetusvæði, • og þörf á skýrri afmörkun mótvægisáðgerða, <i>telur UTU að framkvæmdin kunni að uppfylla þau skilyrði sem almennt kalla á umhverfismat. Það er þó Skipulagsstofnunin að meta, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, hvort framkvæmdin skuli sæta mati á umhverfisáhrifum.</i> <i>Umhverfismat gæti, ef Skipulagsstofnunin telur það réttmætt, stuðlað að:</i> • heildstæðri greiningu umhverfisáhrifa, • fullnægjandi mótvægisáðgerðum, • auknu gagnsæi og traustri ákvarðanatöku, • og tryggingu fyrir að hagsmunir íbúa og umhverfis séu metnir á faglegan hátt.“	- Umfangi efnistöku hefur verið svarað í svarið við svarlið 2.1 - Í fyrirspurn um matsskyldu er fjallað um áhrif fyrri efnistöku ásamt líklegum áhrifum fyrirhugaðrar efnistöku. - Í fyrirspurn um matsskyldu er fjallað um áhrif umferðar og rykbindingu. Fyrirhugaðri stækkun mun ekki fylgja aukin umferð og er að öðru leyti vísað í svar við svarlið 4.1 - Nánari útlistun á nauðsynlegum mótvægisáðgerðum mun fylgja þegar sótt verður um viðeigandi leyfi fyrir framkvæmdum. Framkvæmdaraðili telur að frekari efnistaka á svæðinu muni ekki hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif og því ekki þörf á fullu umhverfismati. Jafnframt telur framkvæmdaraðili að frekari efnistaka á svæðinu muni síður hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif, frekar heldur en að hefja efnistöku á áður óröskuðu svæði, í flestum tilfellum.
7.7	„5. Niðurstaða <i>UTU leggur fram eftirfarandi ábendingar til Skipulagsstofnunar við ákvörðun um matsskyldu:</i> 1. Að horft verði til heildarumfangs framkvæmda og mögulegra samlegðaráhrifa samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 111/2021. 2. Að áhrif á umferð, rykmyndun og vegakerfi verði metin sérstaklega, sbr. 14. gr. laganna. 3. Að ábyrgð og framkvæmd mótvægisáðgerða, svo sem rykbindingar og	Framkvæmdaraðili vísar í svör við svarliðum 7.1-7.6 við þessum hluta umsagnarinnar.

	umferðarstýringar, verði skýrð nánar. 4. Að áhrif á íbúðarbyggð og lögbýli verði greind ítarlegar í samræmi við 32. gr. skipulagslaga. 5. Að Skipulagsstofnun meti, í ljósi heildaráhrifa og umfangs, hvort framkvæmdin skuli sæta umhverfismati.“	
--	---	--